



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 34/2016

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Silfur
að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

I.

Málsmeðferð

1.

Starfsmaður Neytendastofu kom á veitingastaðinn Silfur þann 24. nóvember 2015, í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Samkvæmt reglunum ber veitingahúsum ávallt að hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr og skal í upplýsingum um drykkjarföng tilgreina magn.

Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að matseðil með verðskrá vantaði við inngöngudyr og ekki var tilgreint magn í upplýsingum drykki. Sérstakar athugasemdir voru gerðar við að drykkjarseðill væri ekki til staðar á veitingastaðnum.

Starfsmaður veitingastaðarins kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru. Ekki voru gerðar athugasemdir af hálfu starfsmanns veitingastaðarins við niðurstöður skoðunarinnar. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga. Í bréfinu var jafnframt gerð grein fyrir þeim helstu ákvæðum laga og reglna sem um verðmerkingar gilda.

Með bréfi Neytendastofu til Veitinga- og kaffihússins Silfur ehf., dags. 3. desember 2015, var greint frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerð grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til fyrirtækisins að koma verðmerkingum á veitingastaðnum í viðunandi horf. Í bréfi Neytendastofu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti fyrirtækið búast við því að



tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.

2.

Hinn 17. mars 2016 var framkvæmd önnur skoðun hjá veitingastaðnum Silfur. Niðurstöður skoðunarinnar voru þær að matseðil vantaði við inngöngudyr og að magnupplýsingar drykkja kæmu þar ekki fram. Gerðar voru athugasemdir um að magnupplýsingar vanta fyrir léttvínsglós og gos á drykkjarseðil. Áður hafi ekki verið seðill en nú sé hann kominn og farið verði í úrbætur. Starfsmaður veitingastaðarins kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Silfur, dags. 21. mars 2016, var fyrirtækinu gefinn frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Engar athugasemdir bárust Neytendastofu.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur Veitinga- og kaffihúsið Silfur ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum á veitingastaðnum Silfur í viðunandi horf innan tilskilins frests eftir skoðun Neytendastofu í nóvember 2015.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og heimildar í ákvæði 18. gr. sömu laga, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.

Um verðmerkingar veitingahúsa segir í 5. mgr. 4. gr. reglnanna:

„Veitingahús skulu ávallt hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr. Í verðupplýsingum um drykkjarföng skal jafnframt tilgreina magnstæðir.“



Samkvæmt ákvæðinu ber Silfur ávallt að tilgreina magnstærðir drykkjarfanga í verðupplýsingum og hafa matseðil með verðupplýsingum við inngöngudyr.

Með því að hafa ekki matseðil með verðskrá við inngöngudyr og tilgreina ekki magnstærðir í verðupplýsingum með drykkjarföngum hefur Silfur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, sem og ákvæði 5. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011. Þá sinnti fyrirtækið ekki nema að hluta fyrirmælum Neytendastofu innan tilskilins frests eftir fyrri skoðun þann 24. nóvember 2015, um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga, með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum og þess að fyrirtækið hafði bætt verðmerkingar sínar að hluta þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Veitinga- og kaffihúsið Silfur ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Veitinga- og kaffihúsið Silfur ehf., Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 5. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, með því að tilgreina ekki magnstærð drykkjarfanga með verðupplýsingum og með því að hafa ekki matseðil með verðskrá við inngöngudyr.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Veitinga- og kaffihúsið Silfur ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 11. júlí 2015

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir